



Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 12. september 2018
R18080050
4450
HBL/bp

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að gerð verði könnun fyrir fleiri sérskólaúrræði

Á fundi borgarstjórnar þann 4. september 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins:

Lagt er til að foreldrar/aðstandendur grunnskólabarna verði spurðir hvort þeir telji þörf á fleiri sérskólaúrræðum, frekari úrræðum innan núverandi skóla eða blöndu af hvoru tveggja. Spurningin gæti verið með fimm svarmöguleikum með miðju og jafnmörgum neikvæðum og jákvæðum svörum: 1. Átt þú barn sem þarf á sérstökum stuðningi að halda í skóla (vegna vísbendinga/greiningar um lesblindu, sértæka námserfiðleika eða frávika í vitsmunapróska; raskana t.d. ADHD, asperger eða einhverfuróf og/eða annarra tilfinninga-, hegðunar og félagslegra vandamála) 2. Ég tel að fjölga þurfi sérskólaúrræðum (t.a.m. fyrir börn með þroskahamlanir, sbr. úrræði eins og Klettaskóla og sérdeildir með sérhæft hlutverk vegna barna með miklar sérþarfir í námi, meðal annars vegna geðraskana og annarra alvarlegra hegðunarvandamála) mjög ósammála; frekar ósammála; hvorki sammála né ósammála; frekar sammála; mjög sammála. 3. Ég tel að fjölga þurfi úrræðum innan núverandi skóla til að styrkja stefnuna um skóla án aðgreiningar. Mjög ósammála; frekar ósammála; hvorki sammála né ósammála; frekar sammála; mjög sammála. Mikilvægt er að skoðanir barnanna sjálfra nái fram í umræðuna. Þar væru viðtöl og vettvangsheimsóknir gagnleg leið til að safna upplýsingum.

Borgarstjórn samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Umrædd tillaga er þegar til meðferðar hjá skóla- og frístundaráði skv. ákvörðun borgarráðs frá því í ágúst. Tillagan verður tekin þar til afgreiðslu í þessum mánuði og er því þegar komin í réttan farveg.

Helga Björk Laxdal

SKJALAVER HÖFÐATORGI
14. SEP. 2018
Mátsnr.: SFS 2018-09-0094
Bréfalýkill: 7.0